



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

24. febrúar 2021

Mál nr. E-5197/2020:
Stefnandi: Öryrkjabandalag Íslands
(Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður)

Stefndi: Reykjavíkurborg
(Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2021 í máli nr. E-5197/2020:

Öryrkjabandalag Íslands

(Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg

(Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. janúar sl., var höfðað 15. júní 2020 af Öryrkjabandalagi Íslands, Sigtúni 42 í Reykjavík, gegn Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 1 í Reykjavík.

Í þessum þætti málsins er til úrlausnar krafa stefnda um frávísun málsins.

Í efnisþætti málsins krefst stefnandi þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði að stefndi, Reykjavíkurborg, beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem félagsmenn stefnanda, leigutakar hjá Brynju hússjóði Öryrkjabandalagsins sem frá 1. janúar 2009 eða síðar var gert ómögulegt að hljóta sérstakar húsaleigubætur frá stefnda, hafa beðið vegna þess að frá og með 1. janúar 2009 fengu þeir ekki sérstakar húsaleigubætur vegna reglna og ákvarðana stefnda sem komu í veg fyrir að leigutakar hjá Brynju hússjóði Öryrkjabandalagsins fengju sérstakar húsaleigubætur þrátt fyrir að önnur skilyrði bótanna væru til staðar.

Í öðru lagi krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að framangreindir félagsmenn stefnanda eigi kröfu um að stefnda sé skylt að greiða framangreint tjón ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá og með hverri og einni ranglega vangoldinni greiðslu frá gjalddaga hvernar greiðslu til greiðsludags.

Í þriðja lagi krefst stefnandi viðurkenningar á fyrningarlitum á framangreindum kröfum félagsmanna stefnanda.

Loks er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda í þessum þætti málsins eru þær að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Stefnandi krefst þess að kröfu um frávísun verði hafnað.

Í þinghaldi 28. janúar sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Að málflutningi loknum var málið tekið til úrskurðar.

I

Aðdraganda málsins má rekja til dóms Hæstaréttar Íslands 16. júní 2016 í máli nr. 728/2015 þar sem felld var úr gildi ákvörðun stefnda um að veita einstaklingi ekki svokallaðar sérstakar húsaleigubætur. Ágreiningslaust er að í kjölfar dómsins greiddi

stefndi öðrum einstaklingum í sambærilegri stöðu fjárhæð sem svaraði til sérstakra húsaleigubóta á tímabili sem náði aftur til ársins 2012. Stefnandi lítur svo á að greiðslur stefnda í þessum efnum hefðu með réttu átt að ná lengra aftur, þ.e. til ársbyrjunar 2009 og höfðar mál þetta til viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda gagnvart félagsmönnum sínum, sem leigðu íbúðir af stefnanda hjá Brynju, hússjóði stefnanda, vegna þess tímabils ásamt viðurkenningu á skyldu stefnda til að greiða þeim dráttarvexti og loks viðurkenningu á fyrningarslitum vegna krafna þeirra.

II

Stefndi kveðst byggja frávísunarkröfu sína á því að stefnandi geti ekki haft upp þær kröfur er hann geri í málinu, að mál þetta verði ekki rekið á þeim grunni sem stefnandi byggir á sem og að stefnanda skorti lögvarða hagsmuni af kröfugerð málsins, sbr. 1. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um frávísun málsins sé jafnframt reist á því að um sé að ræða vanreifaða og valkvæða kröfugerð, sem sé bæði óljós og óskýr. Þá uppfylli málatilbúnaður stefnanda ekki meginregluna um ákveðna og ljósa kröfugerð samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Hér sé um vanreiðfun að ræða.

Meginþungi málatilbúnaðar stefnda lýtur að 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Að sögn stefnda fellur hagsmunagæslu stefnanda vegna viðurkenningarkrafna um skaðabótaábyrgð stefnda gagnvart ótilteknum hópi af félagsmönnum stefnanda hvorki innan tilgangs stefnanda né innan gildissviðs 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Undantekningarregla ákvæðisins, sem heimili aðild félagasamtaka í vissum tilvikum, geri stefnanda ekki kleift að höfða mál til að ná fram afmörkuðum fjárhagslegum hagsmunum fárra félagsmanna.

Skaðabótakröfur séu einstaklingsbundnir hagsmunir sem tilheyri hverjum tjónþola fyrir sig. Stefnandi geti því ekki án sérstaks umboðs eða framsals á bótakröfu frá tjónþola orðið aðili að máli varðandi ágreining um fjárhæð skaðabóta og stefnandi geti því ekki heldur orðið aðili að máli um mögulega bótaskyldu stefnda gagnvart tjónþola vegna tiltekins tjónsatburðar. Það sé stefnanda að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af úrlausn málsins umfram það sem almennt sé. Stefnandi hafi ekki lagt fram málsóknarumboð fyrir hönd hinna ótilteknu tjónþola eða á nokkurn hátt leitast við að tilgreina ætlaða tjónþola. Í kröfugerð stefnanda felist lögspurningar. Auk þess skorti stefnanda lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni, sbr. 1. mgr. 25. gr. eml.

Stefnandi hafi hvorki lagt fram gögn til sönnunar á ætluðu tjóni sínu né leitt nægar líkur fyrir tjóni sínu og tengsl ætlaðs tjóns við tiltekið skaðaverk eða tjónþola. Þá sé málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti einnig andstæður g-lið 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991 og meginreglum einkamálaréttarfars þar sem stefnandi

hafi ekki lagt fram sönnunargögn við þingfestingu máls er félagsamtökin reisi kröfur sínar á.

Dómkröfur stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu séu ekki dómtækar þar sem þær séu svo óljósar og vanreifaðar að þær samrýmist ekki meginreglum réttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað sem og d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Þannig sé óljóst hvort umkrafinn viðurkenningardómur eigi að binda stefnda gagnvart stefnanda eða einstökum félagsmönnum hans og þá hve mörgum félagsmönnum og hvaða félagsmönnum. Engin grein sé í stefnu gerð fyrir fjölda bótakrefjenda, tjón þeirra ekki útlistað né nokkuð fjallað um orsakatengsl við hina ætluðu skaðabótaskyldu háttsemi.

Þá sé í stefnu með engu rökstutt hvers vegna stefnandi telji að hann hafi forræði yfir ætluðum skaðabótakröfum hluta félagsmanna sinna. Engin umboð liggja fyrir frá félagsmönnum stefnanda eða framsöl á bótakröfum. Stefnandi eigi enga lögvarða hagsmuni í viðurkenningarmáli um bótaskyldu stefnda vegna vangoldinna húsaleigubóta né sé það hlutverk stefnanda lögum samkvæmt að hafa milligöngu um að fá viðurkenndan bótarétt fyrir einstaka félagsmenn.

III

Stefnendur andmæla framangreindum málatilbúnaði stefnda. Sami bótagrundvöllur og málatilbúnaður eigi við í tilvikum allra félagsmanna stefnanda sem falli undir kröfugerð hans. Nægilega sé sýnt fram á tjón þar sem hópurinn hefði fengið sérstakar húsaleigubætur ef stefndi hefði farið að lögum, sbr. fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 728/2015. Í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 felist viðtækt réttarfarshagræði. Orðalag ákvæðisins undanskilji ekki kröfur á borð við þær sem stefnandi teflir fram í málinu. Ella stæðu félagsmenn stefnanda frammi fyrir því að þurfa reka 200 til 300 dómsmál gegn stefnda. Heildarmati verði að beita þegar metið sé hvort 3. mgr. 25. gr. renni stoðum undir málarekstur. Í þessu tilvikum leiði slíkt heildarmat til þeirrar niðurstöðu að ekki beri að vísa málinu frá dómi.

IV

Að mati dómsins er ekki unnt að fallast á það með stefnda að kröfugerð stefnanda feli í sér lögspurningu. Þá er gerð grein fyrir því með nægjanlegum hætti í stefnu í hverju ætlað tjón félagsmanna stefnanda felist, en ekki verður fallist á það með stefnda að stefnandi þurfi að sýna fram á að hann hafi sjálfur orðið fyrir tjóni, enda verður skýrlega ráðið af stefnu að hann byggir á því að félagsmenn sínir hafi orðið fyrir tjóni, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Hvað varðar málsástæðu stefnda um að sönnunargögn skorti, sbr. g-lið 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 95. gr. laga nr.

91/1991, þá hefur gagnaöflun ekki verið lýst lokið. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 geta félög eða samtök manna í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Þessi heimild til málsóknar hefur í dómaframkvæmd verið talin fyrir hendi þótt sú viðurkenningarkrafa sem mál tekur til hafi aðeins snúið að hluta félagsmanna í félagi eða samtökum sem eiga í hlut og jafnvel fámennum hópi þeirra, sbr. einkum dóm Hæstaréttar 12. júní 2017 í máli nr. 313/2017.

Í gögnum málsins liggja fyrir samþykktir stefnanda. Í 1. gr. þeirra kemur meðal annars fram að stefnandi teljist heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Bandalagið sé myndað af aðildarfélögum fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Þá segir í 2. gr. að hlutverk stefnanda sé að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þess.

Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að því séu skorðar settar hvers kyns kröfur félög á borð við stefnanda geti haft uppi á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 í tilvikum þar sem málsóknarumboð liggur ekki fyrir. Þannig hefur verið talið að úrlausnir um bótaábyrgð og greiðslu skaðabóta séu svo tengdar að gera verði þá kröfu að sá sem krefst viðurkenningar á bótaábyrgð hafi forræði á skaðabótakröfunni í heild og geti þar með höfðað mál til greiðslu skaðabóta, sbr. dóm Hæstaréttar 6. janúar 1998 í máli nr. 520/1997, sem birtur er í dómasafni réttarins 1998 á bls. 18. Af þessu leiðir sá áskilnaður um málsóknarumboð sem gætt hefur í dómaframkvæmd í skaðabótamálum samtaka fyrir hönd félagsmanna sinna, sbr. dóm Hæstaréttar 11. febrúar 2010 í máli nr. 214/2009. Með tilkomu 19. gr. a laga nr. 91/1991 stendur mönnum einnig til boða að stofna sérstök málsóknarfélög til að reka í einu lagi mál um kröfur þeirra allra. Það réttarfarshagræði hafa félagsmenn stefnanda aftur á móti ekki nýtt sér.

Að mati dómsins er ekki unnt að fallast á það með stefnanda að hann geti í eigin nafni með vísan til 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 gert kröfu um greiðslu skaðabóta vegna félagsmanna sinna, en þar með getur hann heldur ekki krafist dóms um afmarkaðan hluta skaðabótakrafanna, en dómur um viðurkenningu á bótaábyrgð verður ekki felldur nema einstök tjonstilvik séu skoðuð, sbr. til hliðsjónar fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 520/1997.

Í munnlegum málflutningi lagði lögmaður stefnanda áherslu á að síðari dómaframkvæmd leiddi í ljós rýmkun á heimild félagasamtaka til málshöfðunar

samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Í þeim efnum vísaði lögmaðurinn einkum til dóms Hæstaréttar 6. nóvember 2008 í máli nr. 559/2008. Umfjöllun héraðsdóms í því máli um kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu lyktaði þó ekki með frávisun og kom sá þáttur málsins því ekki til endurskoðunar við kærnu til Hæstaréttar. Þegar rétturinn lagði síðar efnisdóm á málið með dómi 11. febrúar 2010 í máli nr. 214/2009 kom fram í forsendum dómsins að fallist yrði á það með héraðsdómi að umrædd samtök gætu í skjóli málsóknarumboðs haft uppi kröfu til viðurkenningar á bótaskyldu í málinu. Var þannig lögð áhersla á að efnisdómur yrði lagður á kröfu samtakanna vegna þess að fyrir lá málsóknarumboð. Í hinu fyrirbyggjandi máli liggur aftur á móti ekki fyrir málsóknarumboð af hálfu félagsmanna stefnanda.

Þá verður ekki séð að aðrir dómur sem lögmaður stefnanda studdi mál sitt við renni stoðum undir fyrrgreinda staðhæfingu hans varðandi kröfur um viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Í dómi Hæstaréttar 24. maí 2007 í máli nr. 590/2006 var til dæmis ekki um að ræða kröfu á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 heldur kröfu samtaka um viðurkenningu á því að tiltekið samkomulag hefði komist á milli samtakanna sjálfra og íslenska ríkisins. Þá var ekki um að ræða skaðabótakröfu í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 313/2017 heldur launakröfu sem talin var falla innan vébanda starfsemi þeirra launþegasamtaka sem höfðuðu málið. Hvað loks varðar tilvísun lögmanns stefnanda til dóms Landsréttar 25. september 2020 í máli nr. 496/2019 þá verður að skilja forsendur hans með hliðsjón af því sem greinir í héraðsdómi um að aðild launþegasamtaka fyrir hönd félagsmanna væri ekki mótmælt af hálfu gagnaðila. Virðast þannig ekki hafa verið bornar brigður á að fullnægjandi umboð félagsmanna til launþegasamtakanna væri fyrir hendi, sbr. til hliðsjónar lögbundið málsóknarumboð 45. gr., sbr. 1. mgr. 65. gr., laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem ætla má að litið hafi verið til á grundvelli löggjöfnunar í því máli.

Að öllu framangreindu virtu telst óvarlegt að álykta sem svo að í síðari dómaframkvæmd hafi verið vikið frá skýringu Hæstaréttar í fyrrgreindum dómi í máli nr. 520/1997 á 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 varðandi kröfur um viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Með vísan til þess sem að framan er rakið telst skilyrðum 3. mgr. 25. gr. ekki fullnægt til að dómur verði lagður á fyrstu dómkröfu stefnanda í efnisþætti málsins. Hvað varðar aðra og þriðju dómkröfur stefnanda þá eiga öll sömu rök við um þær, en orðalag þeirra telst jafnframt afar óljóst, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem ekki er unnt að líta svo á að krafa um viðurkenningu á slitum á fyrningu ótilgreindra bótakrafna teljist dómþæk. Í samræmi við þetta verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður.
Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Arnaldur Hjartarson (sign.)

Rétt endurrit staðfestir:
Héraðsdómur Reykjavíkur 24. febrúar 2021



Geo kr.

